



**KVENNASKÓLINN  
Í REYKJAVÍK**



## **Skýrsla um sjálfsmat skólaárið 2019 - 2020**

September 2020

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
1.1 Verk- og framkvæmdaáætlun 2019 - 2020 .....	5
1.2 Tölulegar upplýsingar (nemendur) .....	5
Innritun nýnema (1. bekkur) haustið 2019 .....	5
Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum.....	5
Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni .....	6
Meðalaldur nemenda (ár) .....	6
Fjöldi brautskráðra stúdenta vorið 2020 eftir námsbraut og alls .....	6
Viðveruskráning nemenda skólaárið 2019 - 2020 .....	6
Haustönn 2019.....	6
Vorönn 2020.....	6
Brotthvarf.....	7
1.3 Tölulegar upplýsingar (Starfsfólk).....	7
2. Niðurstöður.....	7
2.1 Kennslu- og áfangamat .....	7
Svör: Áfangamat haust 2019 .....	8
Svör: Kennslan 2019 .....	8
Svör: Mat nemenda á eigin frammistöðu vor 2019.....	8
2.2. Skólahald í samkomubanni .....	9
Niðurstöður - samantekt .....	9
Niðurstöður – allar spurningar .....	10
2.2 Foreldra- og nýnemakönnun .....	12
Helstu niðurstöður: .....	12
2.3 Skólapúlsinn.....	12
Niðurstöður.....	13
2.4. Könnun: Borgarbörn.....	13
Gildi náms .....	14
Námsáhugi.....	15

Skólasókn.....	15
Samsömun og félagsleg tengsl.....	16
Námshegðun.....	16
Félagsfærni .....	17
Tjáningarhæfni .....	17
Framtíðarsýn.....	18
2.5 Könnun: Umsjónarkennarar í 1. bekk .....	18
Niðurstöður.....	19
2.6 Starfsmannakönnun: Húsping og starfsþróunardagur framhaldsskólanna .....	20
2.7 Móttaka nýrra kennara .....	22
Niðurstöður.....	23
2.8 Stofnun ársins .....	23
Helstu niðurstöður: Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs .....	24
3 Greining á niðurstöðum .....	25
3.1 Styrkleikar .....	25
3.2 Tækifæri til umbóta .....	25
4 Markmið og úrbætur .....	25
4.1 Eldri markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2019 - 2020 .....	25
4.2 Markmið og úrbætur sem stefnt skal að á skólaárinu 2020 - 2021 .....	27

## 1. Inngangur

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjaskóli og býður upp á hefðbundið bóknám til stúdentsprófs (200 einingar) á þremur námsbrautum; félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og hugvísindabraut. Námið er alla jafna staðnám og námstími er sveigjanlegur 3 - 4 ár en stefna skólans er að sem flestir ljúki stúdentsprófi á þremur árum.

Vorönnin 2020 verður flestum minnisstæð vegna áhrifa Covid-19 á skólastarfið. Samkomubann tók gildi 16. mars og á einni helgi fluttist öll kennsla yfir á netið. Með samkomubanninu tók við krefjandi tímabil hjá nemendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans. Í skólanum var lögð áhersla á að nota kennslukerfið í Innu, aðlaga námsmátið að breyttum kennsluháttum og taka inn og læra á tækni til að kenna í rauntíma og ýmis forrit til að koma efni til nemenda. Annars konar áhrif COVID-19 urðu einnig veruleg. Allt félagslíf nemenda lagðist niður, hætt var við fyrirhugaðar samkomur nemenda, dimmision útskriftarnema var ekki haldin og útskriftarathöfn var frestað fram í ágúst. Pestin hafði einnig þau áhrif að hætt var við opið hús fyrir 10. bekinga og forráðamenn þeirra og aðrar kynningar sem þegar höfðu farið fram voru látnar duga.

Skólinn lenti einnig í annars konar hremmingum þegar tölvukerfi skólans varð fyrir vírusárás í lok febrúar. Afleiðingarnar urðu miklar og meðal annars þær að heimasíðan varð með öllu óvirk. Ný heimasíða var komin í vinnslu en ekki tilbúin svo reynt var að endurheimta gögn af gömlu síðunni sem var haldið úti til bráðabirgða út skólaárið.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá árinu 1996 og 2008 (kafla VII) er gert ráð fyrir því að framhaldsskólar innleiði aðferðir til sjálfsmats á starfi sínu þar sem litið er til kennslu- og stjórnunarháttá á samt samskipta innan skólans sem og út á við. Innra mati er þannig ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs. Innra mat Kvennaskólans fer annars vegar fram með því að kannanir eru lagðar með skipulögðum hætti fyrir þá sem hlut eiga að máli hverju sinni; nemendur, starfsfólk og foreldra. Hins vegar er innra matið fólgið í mælingum á árangri skólastarfsins sem meðal annars lýtur að hlutfalli brautskráðra stúdenta, gengi þeirra í háskóla, skólasókn og brotthvarfi. Þrátt fyrir óhefðbundið ár þá reyndum við að fylgja matsáætlun skólans eins og hægt var.

Þetta skólaár sátu í sjálfsmatshóp: Björk Þorgeirsdóttir (formaður), Hjalti Jón Sveinsson skólameistari, Oddný Hafberg aðstoðarskólameistari, Guðný Rún Sigurðardóttir fjármálastjóri, Lilja Ósk Úlfarsdóttir kennari og Jóhanna Björk Guðjónsdóttir kennari.

Sjálfsmatsskýrslan sem hér birtist gerir grein fyrir niðurstöðum úttekta og athugana sem gerðar hafa verið í Kvennaskólanum skólaárið 2019 – 2020.

## 1.1 Verk- og framkvæmdaáætlun 2019 - 2020

Haustönn 2019	Vorönn 2020
<p><b>Halda áfram að vinna að bættu vinnulagi í innra mati skólans</b> Fá inn í hópinn fulltrúa nemenda, foreldra og annarra starfsmanna.</p> <p><b>Foreldrakönnun um móttöku nýnema, samskipti við skólann og líðan barna þeirra í skólanum (október 2019)</b> Samanburður á milli ára.</p> <p><b>Kennslumat (áfangamat)</b> Íslenska, raungreinar og stærðfræði Stjórnendamat (heimsóknir í kennslustundir) og starfsmannasamtöl í kjölfarið</p> <p><b>Kennarar sem fara í kennslumat fá tækifæri til að tjá sig um sína hópa/bekki</b> Opíð samhliða kennslukönnun þannig að kennarar geta lagt mat á hvernig starfið með bekknum/hópnum gekk á önninni.</p> <p><b>Þátttaka í skólapúlsi (nóvember 2019)</b> Greina niðurstöður m.t.t vinnu sem farið var í á skólaárinu 2018-2019.</p> <p><b>Unnið úr niðurstöðum vinnuhópa kennara (vor 2019)</b> “Hverju viltu breyta í Kvennó og þá hvernig” (sept.-okt. 2019)</p> <p><b>Borgarbörn – niðurstöður úr könnun</b> (<i>International Study of City Youth</i>) Farið yfir niðurstöður</p> <p><b>Könnun – nýir kennarar</b> Móttaka nýrra kennara haustið 2019</p>	<p><b>Kennslu- og áfangamat endurskoðað</b></p> <p><b>Könnun lögð fyrir alla nýnema og kennsluhætti í samkomubanni (“Skólahald í samkomubanni”)</b> Í staðinn fyrir kennslu- og áfangamat sem átti að leggja fyrir nýja kennara í apríl 2020.</p> <p><b>Rýnt í matsskýrslur (innra- og ytra mat) síðustu ára.</b> Fara yfir hvað er búið að gera og hvað ekki.</p> <p><b>Umsjónarkennarar í 1. bekk (könnun).</b> Mat á verkefninu “Uppeldi til ábyrgðar”</p> <p><b>Þátttaka í “Stofnun ársins 2020”</b> Stefnt a.m.k 70% þátttöku</p> <p><b>Könnun fyrir starfsfólk – mat á endurmenntun</b> Húsping og starfsþróunardagur framhaldsskólanna</p>

## 1.2 Tölulegar upplýsingar (nemendur)

### Innritun nýnema (1. bekkur) haustið 2019

	Karlar	Konur	Samtals
Haust 2019	60	162	222

### Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum

Námsbraut	Haust 2019				Vor 2020			
	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur
Félagsvísindabraut	75	72	75	9	74	73	73	2
Hugvísindabraut	24	15	0	0	23	15	0	0
Náttúruvísindabraut	130	122	111	10	123	121	110	1

## Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni

Námsbraut	Haust 2019			Vor 2020		
	Karl	Kona	Kynsegin	Karl	Kona	Kynsegin
Félagsvísindabraut	45	185	0	45	177	0
Hugvísindabraut	7	33	0	7	31	0
Náttúruvísindabraut	123	251	0	115	240	0

## Meðalaldur nemenda (ár)

Námsbraut	Haust 2019	Vor 2020
Félagsvísindabraut	16,8	17,1
Hugvísindabraut	16,0	16,5
Náttúruvísindabraut	16,7	17,0

## Fjöldi brautskráðra stúdenta vorið 2020 eftir námsbraut og alls

Námsbraut	Vor 2020
Félagsvísindabraut	71
Hugvísindabraut <sup>1</sup>	0
Náttúruvísindabraut	104
<b>Alls</b>	<b>175</b>

Eitt af meginmarkmiðum skólans er að sem flestir nemendur sem innritast nái að brautskrást og einnig að þeir nái að brautskrást sem stúdentar á þremur árum. Alltaf er þó gert ráð fyrir að hluti nemenda þurfi eða velji að vera lengur en þrjú ár að ljúka stúdentsprófi.

Í þriðja bekk vorið 2020 voru 183 nemendur, brautskráðir vorið 2020 voru 171 (93%). Haustið 2017 innritaðist 201 nemandi í 1. bekk af þeim útskrifuðust 165 vorið 2020, 5 stefna að útskrift í desember 2020 og 6 vorið 2021. Útskriftarhlutfall þessa innritunarhóps frá 2017 stefnir því í að verða rúmlega 88%.

## Viðveruskráning nemenda skólaárið 2019 - 2020 (sem hlutfall af heildartímafjölda)

### Haustönn 2019

	<b>Haust 2019</b>	<b>Haust 2018</b>
		<i>Til samanburðar</i>
<i>Mæting</i>	92,2%	93%
<i>Veikindi</i>	3,8%	3,2%
<i>Of seint</i>	0,7%	0,6%
<i>Leyfi</i>	1,8%	1,4%
<i>Óútskýrð fjarvera</i>	1,6%	1,8%

Á haustönn var veitt ein skólasóknareining fyrir 96-100% raunskólasókn á önninni. Á haustönn fengu 48% nemenda skólasóknareiningu.

### Vorönn 2020

Á vorönn voru áhrif Covid-19 á skólastarfið mikil. Samkomubann tók gildi 16. mars og á einni helgi fluttist öll kennsla yfir á netið. Í stað mætingaskráninga í Innu á vorönn var sett upp

<sup>1</sup> Ekki hugvísindabekkur á 3ja ári þetta skólaár.

skráningaform þar sem kennarar skráðu inn upplýsingar um nemendur sem þeir höfðu áhyggjur af s.s. mæta ekki í fjarkennslutíma í rauntíma, skila ekki verkefnum, standi illa í áfanganum og/eða eiga erfitt félagslega eða andlega.

Farið var yfir skráninguna reglulega (a.m.k. vikulega) og þeim öllum fylgt eftir með símtölum frá umsjónarkennara, náms- og starfsráðgjafa og/eða námstjóra. Áherslan á vorönn var að koma í veg fyrir brottfall sem virtist hafa tekist því enginn nemandi sagði sig úr skólanum á vorönn.

Reynslan af þessu fyrirkomulagi var góð og búið er að ákveða að hafa opna skráningu samhliða viðveruskráningu í Innu á næsta skólaári.

## Brotthvarf

Markmið skólans er að sem flestir nemendur sem innritast í skólann útskrifist frá honum á tilsettum tíma. Ef nemandi hættir þá er reynt að komast að því hvaða skýringar liggja að baki. Ef skýringar liggja ekki fyrir er hringt í nemendur og þeir spurðir hvers vegna þeir kusu að hætta og svör þeirra skráð. Námstjóri og aðstoðarskólameistari hafa séð um að afla þessara gagna.

Haustönn 2019 Fjöldi	Skýring	Vorönn 2020 Fjöldi	Skýring
1	Persónulegar ástæður	0	

Alls sagði því einn nemandi sig úr skólanum á haustönn 2019 og enginn nemandi á vorönn 2020.

## 1.3 Tölulegar upplýsingar (Starfsfólk)

Starfsfólk skólaárið 2019 – 2020. Fjöldi starfsmanna og stöðugilda 1. október 2019 og 1. mars 2020.

Skipurit skólans má sjá [hér](#).

	Haust 2019		Vor 2020	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
<i>Kennarar</i>	46	40,7	47	40,96
<i>Þjónustusvið</i>	10	8,6	13	9,6
<i>Nemendabjónusta</i>	3	1,5	3	1,5
<i>Veikindaleyfi</i>	3	2,52	4	3,52
<i>Leyfi</i>	4	2,37	3	1,37

## 2. Niðurstöður

### 2.1 Kennslu- og áfangamat

Á hverri önn er miðað við að 1/3 kennslugreina fari í kennslumat/áfangamat og hver kennari fari ekki sjaldnar í kennslumat og starfsmannasamtal en á tveggja ára fresti. Á haustönn 2019 fór fram kennslumat í erlendum tungumálum, raungreinum og stærðfræði og á vorönn var áætlað að leggja fyrir kennslu- og áfangamat hjá nýjum kennurum. Vegna samkomubanns þá var ákveðið að leggja frekar fyrir könnun fyrir alla nemendur skólans og spyrja um ýmsa þætti sem tengdust breyttu skólahaldi vegna samkomubanns og líðan nemenda.

Kennslu- og áfangamatið fer fram í Innu og er tilgangurinn að kennarar og stjórnendur fái vísbendingar um hvernig til hafi tekist í einstökum áföngum og/eða námsgreinum. Kennarar sjá niðurstöður sínar úr kennslukönnunum í Innu og eru þær ræddar og rýndar í starfsmannasamtölum við skólameistara, aðstoðarskólameistara eða námstjóra.

Á haustönn 2019 var svarhlutfallið 67,6%. Nemendur svara kennslukönnun/áfangamati í INNU og skiptast spurningarnar í þrjá flokka; einn snýr að áfanganum, annar að kennslunni og kennaranum og í þeim þriðja leggur nemandinn mat á eigin frammistöðu. Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður áfangamats haustið 2019 og til samanburðar eru niðurstöður kennslu- og áfangamats frá haustinu 2017 en þá fór fram síðasta kennslumat í erlendum tungumálum, raungreinum og stærðfræði

### Svör: Áfangamat haust 2019

Áfangamat	Haust 2019	Haust 2017
	<b>Mjög/frekar sammála</b>	<b>Mjög/frekar sammála</b>
<i>Grunnnámsgögn áfangans eru góð</i>	78%	77%
<i>Viðbótarnámsefni frá kennara er gott</i>	83%	80%
<i>Ánægja með fyrirkomulag námsmats í áfanganum</i>	86%	88%
<i>Vinnuálag í áfanganum miðað við einingafjölda er hæfilegt</i>	76%	80%

### Svör: Kennslan 2019

Kennslan	Haust 2019	Haust 2017
	<b>Mjög/frekar sammála</b>	<b>Mjög/frekar sammála</b>
<i>Kennarinn er skipulagður og kemur undirbúinn í kennslustundir</i>	67%	90%
<i>Leitast er við að hafa fjölbreytni í kennsluháttum</i>	75%	71%
<i>Kennarinn er jákvæður og hvetjandi í garð nemenda</i>	91%	90%
<i>Kennarinn hefur góða þekkingu á námsefninu</i>	93%	94%
<i>Kennarinn nær að vekja áhuga nemenda á námsefninu</i>	75%	75%
<i>Kennarinn sýnir áhuga á að nemendur taki framförum</i>	87%	85%

### Svör: Mat nemenda á eigin frammistöðu vor 2019

Mat á eigin frammistöðu (nemendur)	Haust 2019	Haust 2017
	<b>Mjög/frekar sammála</b>	<b>Mjög/frekar sammála</b>
<i>Ég sýni áhuga og vinn vel í kennslustundum</i>	91%	88%
<i>Ég mæti vel og stundvíslega í kennslustundir</i>	97%	97%
<i>Ég sinni heimanámi vel</i>	92%	89%
<i>Ég leita til kennarans ef ég þarf aðstoð við námið</i>	87%	84%
<i>Ég vinn að því að ná sífellt betri tókum á námsefninu</i>	93%	89%

Til viðbótar gafst nemendum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í tveimur opnum spurningum. Svör nemenda við þeim spurningum voru send kennurum viðkomandi áfanga um leið og aðrar niðurstöður.

Niðurstöðurnar benda til þess að nemendur telji vinnuálag almennt hæfilegt miðað við einingafjölda og eru ánægðir með námsgögn og viðbótarnámsefni frá kennurum. Þeir telja kennara hafa góða þekkingu á námsefninu og sýni áhuga á því að nemendur taki framförum. Nemendur telja sig mæta vel og vilja ná sífellt betri tókum á námsefninu. Í samanburðinum má sjá að fleiri telja kennarann leitast við að hafa fjölbreytni í kennsluháttum haustið 2019 en haustið 2017. Athygli vekur að mun færri segja kennarann skipulagðan og undirbúinn fyrir kennslustundir haustið 2019 en haustið 2017.



Samhliða kennslu-/áfangamati sem lagt er fyrir nemendur í Innu fengu kennarar tækifæri til að tjá sig um sína hópa. Þannig gátu kennarar svarað því hvort það væri eitthvað sem þeir teldu mikilvægt að kæmi fram varðandi kennslu í ákveðnum bekk og/eða áfanga. Þannig söfnum við upplýsingum um þætti sem geta haft áhrif á kennslumatið s.s. þegar verið er að taka inn nýtt námsefni og/eða breyta námsmáti. Í hvaða stofum áfanginn er kenndur og hvernig vinnuandinn er í hópunum. Þessar upplýsingar eru skoðaðar samhliða kennslumati og eru þar með hluti af starfsmannasamtali við stjórnendur. Alls bárust 10 svör þar sem kennarar bentu á eftirfarandi þætti:

- *Verið að taka upp nýtt kennsluefni*
- *Vinnuandi í ákveðnum bekkjum ekki nægilega góður*
- *Áfanginn kenndur í tvöföldum tíma í lok dags þegar nemendur eru orðnir þreyttir*
- *Áfanginn tvisvar í viku í of lítilli stofu sem hefur áhrif á skipulag kennslunnar*
- *Búið að endurskoða námsmat í áfanganum og meira af stöðukönnunum og verkefnaskilum á önninni*
- *Erfiðleikar með hópa nemenda innan bekkja sem sinna náminu illa og taka lítinn þátt í kennslustundum og hópverkefnum*

Á næstu önn eftir að kennslu- og áfangamat hefur farið fram, boða stjórnendur viðkomandi kennara í viðtal. Stuðst er við ákveðið form sem báðir aðilar hafa til hliðsjónar þegar viðtalið er tekið og eiga þeir kost á að skrifa athugasemdir við hvern þátt viðtalsins. Skólameistari, aðstoðarskólameistari og námstjóri annast viðtölin. Markmiðið er að hver starfsmaður skólans fari í starfsmannaviðtal á tveggja ára fresti hið minnsta. Áður en viðkomandi kennari er boðaður í viðtal koma hann og sá stjórnandi sem tekur viðtalið sér saman um heimsókn þess síðarnefnda í kennslustund. Stjórnandi er viðstaddur eina kennslustund (eina klukkustund) og fylgist þar með kennsluháttum, samskiptum kennara og nemenda, samskiptum nemenda innbyrðis, þátttöku nemenda, aga stjórnun, skipulagi o.s.frv. Þessar heimsóknir eru undirbúningur stjórnanda fyrir starfsmannaviðtal við kennarann sem byggir þá bæði á mati nemenda og stjórnenda.

Eitt af markmiðum skólans er að auka þátttöku nemenda í kennslu- og áfangamati og spyrja vinnuanda í kennslustundum og agastjórnun. Matshópurinn endurskoðaði kennslu- og áfangamat skólans, stytti könnunina og bætti inn spurningum varðandi vinnulag og hæfni. Þessi vinna fór fram á vorönn 2020 og hefur matshópurinn unnið tillögu að nýju áfangamati sem kynnt verður fyrir kennurum á haustönn 2020.

## 2.2. Skólahald í samkomubanni

Eftir að samkomubann skall á og öll kennsla færðist yfir á netið þá var ákveðið að leggja fyrir alla nemendur könnun til að kanna líðan nemanda og hvernig þeim hafi gengið að aðlagast þessu nýja námsumhverfi.

Könnunin var lögð fyrir í Innu, alls svöruðu 564 af 613 nemendum könnuninni sem er 92% svarhlutfall.

### Niðurstöður - samantekt

68% nemenda gekk mjög vel eða frekar vel að aðlagast fjarnáminu

93% nemenda fannst skólinn hafa staðið sig vel við að hjálpa nemendum

63% nemenda fannst skipulag kennslunnar gott eða mjög gott

57% nemenda fannst álagið of mikið eða allt of mikið

55% nemenda sögðust vera duglegir að leita til kennara ef þeir þurfa aðstoð

14% nemenda sögðust ekki geta fengið neina aðstoð við námið heima

28% nemenda sögðu að þeim hafi liðið illa eða mjög illa eftir að skólanum var lokað

## Niðurstöður – allar spurningar


Svör við öllum spurningum má sjá á myndinni hér að neðan.

Hvernig hefur þér gengið að aðlagast nýju námsumhverfi?

1. Mjög vel 12% (69/563)
2. Frekar vel 55% (312/563)
3. Hvorki né 20% (111/563)
4. Frekar illa 9% (53/563)
5. Mjög illa 3% (18/563)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 563 af 564  
Svarhlutfall: 100%



Hvernig finnst þér skipulag og framkvæmd kennslunnar í samkomubanninu?

1. Mjög gott 8% (45/560)
2. Gott 55% (307/560)
3. Hvorki né 28% (157/560)
4. Slæmt 8% (42/560)
5. Mjög slæmt 2% (9/560)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 560 af 564  
Svarhlutfall: 99%




Hvernig finnst þér álagið í náminu vera?

1. Allt of mikið 13% (71/563)
2. Of mikið 45% (251/563)
3. Hæfilegt 42% (238/563)
4. Of lítið 0% (1/563)
5. Allt of lítið 0% (2/563)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 563 af 564  
Svarhlutfall: 100%




Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: "Ég er dugleg/ur/t að leita til kennara ef ég þarf aðstoð við námið"

1. Mjög sammála 15% (84/564)
2. Frekar sammála 40% (224/564)
3. Hvorki né 24% (133/564)
4. Frekar ósammála 18% (99/564)
5. Mjög ósammála 4% (24/564)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 564 af 564  
Svarhlutfall: 100%



Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu:

**\*Fjarnám hentar mér vel\***

1. Mjög sammála 10% (55/564)
2. Frekar sammála 26% (144/564)
3. Hvorki né 26% (144/564)
4. Frekar ósammála 24% (133/564)
5. Mjög ósammála 16% (88/564)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 564 af 564  
Svarhlutfall: 100%




Hvernig hefur þér liðið eftir að skólanum var lokað?

1. Mjög vel 12% (65/562)
2. Frekar vel 31% (175/562)
3. Hvorki né 29% (164/562)
4. Frekar illa 24% (133/562)
5. Mjög illa 4% (25/562)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 562 af 564  
Svarhlutfall: 100%




Hvernig finnst þér skólinn hafa staðið sig í að hjálpa nemendum eftir að samkomubannið var sett á?

1. Frábærlega 20% (111/562)
2. Mjög vel 31% (172/562)
3. Vel 43% (244/562)
4. Illa 6% (33/562)
5. Mjög illa 0% (2/562)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 562 af 564  
Svarhlutfall: 100%




Hversu ánægð/ur/t ert þú með upplýsingagjöf frá skólanum?

1. Mjög ánægð/ur/t 26% (148/563)
2. Frekar ánægð/ur/t 52% (295/563)
3. Hvorki né 17% (93/563)
4. Frekar óánægð/ur/t 4% (21/563)
5. Mjög óánægð/ur/t 1% (6/563)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 563 af 564  
Svarhlutfall: 100%




Getur þú fengið aðstoð við námið heima?

1. Já, ég fæ góða aðstoð ef ég vil 36% (200/562)
2. Ég get fengið aðstoð við suma áfanga en aðra ekki 46% (257/562)
3. Ég get ekki fengið neina aðstoð 14% (81/562)
4. Ég þarf ekki aðstoð 4% (24/562)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 562 af 564  
Svarhlutfall: 100%



Til viðbótar gafst nemendum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í opinni spurningu: „Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri? (hér getur þú t.d rætt hvað hefur gengið vel og/eða það sem betur má fara eða ef það er eitthvað sem þú hefur áhyggjur af).“

Nemendum fannst:

- of mikið að gera – allt of mikið í sumum áföngum
- of mörg verkefni og próf
- of mikið um að mörg skilaverkefni og próf væru á sama degi
- það mættu vera fleiri fjarkennslutímar í rauntíma
- betra að fá vikuáætlun fyrir hverja viku
- erfitt að halda sér að verki þegar kennarinn var ekki með þeim

Nemendur höfðu einnig áhyggjur af námsmati og lokaprófum og sögðu að þeim leiddist og það væri sárt að það þyrfti að aflýsa viðburðum eins og peysufatadegi, dimmisjón o.fl. Þessar niðurstöður voru kynntar fyrir kennurum og notaðar til þess að samræma starfið eins vel og hægt var til loka skólaársins.

## 2.2 Foreldra- og nýnemakönnun

Eitt af markmiðum skólans er bæta móttöku nýnema. Í október 2019 svöruðu nýnemar og forráðamenn nýnema könnun þar sem m.a. var spurt um móttöku nýnema, kynningar á skólanum og hvort þeir væru ánægðir með að hafa valið Kvennaskólann.

Könnun var send til foreldra/forráðamanna í tölvupósti í nóvember 2019 og svarhlutfallið var 68%. Nýnemar svöruðu könnun í gegnum Innu (október 2019), alls 239 nýnemar, 200 svör bárust og var því svarhlutfallið 84%.

### Helstu niðurstöður:

- 97% foreldra/forráðamanna voru mjög eða frekar ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum
- 93% foreldra/forráðamanna og 89% nýnema voru mjög eða frekar ánægð með móttöku nýnema haustið 2019
- 93% foreldra/forráðamanna og 81% nýnema voru mjög eða frekar ánægð með skipulag og framkvæmd nýnemaferðarinnar
- Meirihluti foreldra/forráðamanna notar Innu til að fylgjast með viðveru og námsárangri barna sinna (t.d. einkunnum og verkefnaskilum)
- 81% foreldra/forráðamanna voru ánægð með kynningarfund fyrir forráðamenn nýnema sem haldinn var 27. ágúst 2019
- Foreldrar/forráðamenn og nýnemar sem mættu á opið hús í skólanum töldu kynningu á skólanum skýra og góða
- 96% foreldra/forráðamanna töldu barnið sitt ánægt í skólanum
- 97% foreldra/forráðamanna og 93% nýnema eru ánægð með að hafa valið Kvennaskólann
- 91% nýnema líður vel í skólanum

Ítarlegri samantekt á niðurstöðum og samanburð við fyrri ár má sjá [hér](#)

Til viðbótar gafst foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í tveimur opnum spurningum. Svör við þeim voru tekin saman og rædd við viðeigandi aðila í skólanum. Hér bárust m.a. ábendingar varðandi skipulag opna hússins, aðgengi í mötuneyti, mismunandi notkun kennara á kennslukerfinu í Innu og fræðslu um hvernig á að nota Innu (t.d. skrá veikindi). Niðurstöðurnar voru sendar til allra starfsmanna og settar á heimasíðu skólans. Settar voru skýrari leiðbeiningar um notkun á Innu á heimasíðu skólans og tekið mið af ábendingum varðandi opna húsið við skipulag opna hússins sem átti að fara fram í mars 2020. Varðandi aðgengi í mötuneyti þá var reynt að jafna enn frekar skiptingu hópa í fyrri og seinni matartíma.

## 2.3 Skólapúlsinn

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir 120 nemenda úrtak nemenda í Kvennaskólanum í nóvember 2019. Fjöldi nemenda í lagskiptu líkindaúrtaki var 120, fjöldi svarenda var 109 sem gerir 90,8% svarhlutfall. Skólapúlsinn kannar meðal annars skólabrag, ástundun og líðan nemenda í skólanum.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða (0 til 10) sem eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Hátt gildi á kvarða sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni á skólanum. Viðmiðunarreglan er að munur uppá 0,5 stig er ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Í undantekningartilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svarenda sem velja tiltekinn svarmöguleika.

Vorið 2019 var gripið til aðgerða <sup>2</sup> vegna þess að einelti og áreiti í skólanum og á viðburðum skólans hafi aukist mikið á milli ára, sjá hér:

	2014	2017	2019	Aðrir skólar 2019 (viðmið)
<b>Einelti</b>	7,5%	10,4%	9,7%	10,8%
<b>Áreiti og ofbeldi</b>	24%	30,1%	22,5%	21,2%

Hvað varðar líðan nemanda eins og kemur fram hér að ofan að þá hafa tölur um einelti og áreiti og ofbeldi í skólanum og á viðburðum skólans farið lækkandi. Aðgerðir sem gripið var til í Kvennaskólanum virðast hafa skilað árangri en ljóst er að það má gera enn betur.

### Niðurstöður

Nú verður fjallað um þær niðurstöður sem sýna styrkleika og veikleika skólans en heildarniðurstöður Skólalapsins 2020 má sjá á heimasíðu skólans.

Varðandi hamingju þá telja um 80% nemenda skólans sig hamingjusama, 19% segjast eiga við kvíða og tæp 8% segjast glíma við þunglyndi. Þótt þetta sé marktækt lægra en í viðmiðunarskólunum þá gefa þessar niðurstöður til kynna að við verðum að halda áfram mælingum og leggja könnun fyrir alla nemendur skólans þar sem spurt er um líðan, stjórn á eigin lífi, kvíða o.fl. Það er ennfremur athyglisvert að tæplega 43% nemenda skólans segjast glíma við svefnleysi sem er talsvert hærra en í viðmiðunarskólum. Þessar niðurstöður eru sambærilegar við niðurstöður könnunar sem Rannsóknir og greining lagði fyrir nemendur í framhaldsskólum í október 2018. Í matsáætlun skólans<sup>3</sup> kemur fram að á haustönn 2020 á að leggja könnun fyrir alla nemendur skólans. Í þeirri könnun er mikilvægt að fylgja þessum niðurstöðum eftir og þetta ýtir enn frekar á okkur að skipuleggja fræðslu um mikilvægi svefnis.

Aðrar niðurstöður: Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum er mjög jákvæð, nemendur Kvennaskólans mæta vel í skólann (fjarvistir og seinkomur í tíma). Stundaskrá nemenda okkar er lengri en í viðmiðunarskólunum og nemendur skólans vinna að meðaltali minna með skóla en nemendur viðmiðunarskólanna. Einnig verja nemendur skólans færri tímum að meðaltali á viku í reglulegar tómsundur.

Í svörum við opnum spurningum kom fram að flestum líður vel, nemendur eru almennt ánægðir með kennsluna en kalla eftir fjölbreyttari kennsluháttum og finnst álagið stundum of mikið. Það sem nemendur telja gott við skólann eru kennararnir, kennsluhættirnir, bekkurinn sinn og félagslífið í skólanum. Það sem nemendur telja að megi betur fara í skólanum er helst tengt álagi og þá fyrst og fremst heimanámið, rými og aðstöðu (t.d. skólinn í þremur húsum, sumar kennslustofurnar of þröngar, vilja meira borðpláss í matsalnum og fleiri salerni). Langur skóladagur var einnig nefndur og þá sérstaklega að kennt sé til kl. 16:40 á daginn.

### 2.4. Könnun: Borgarbörn

Alþjóðlega rannsóknin Borgarbörn eða International Study of City Youth nær til ellefu borga í tíu löndum sem eru auk Reykjavíkur og nágrennasveitarfélaga: Barcelona, Bergen, Bordeaux, Ghent, Melbourne, Montreal, Sacramento, Santa Barbara, Turku og Wrocław. Þátttakendur í Borgarbörnum voru nemendur á höfuðborgarsvæðinu sem fæddust árið 1999 og voru í 10. bekk skólaárið 2014-2015. Það skólaár var könnunin lögð fyrir um 2000 nemendur í 44 grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Vorið 2018 var ungmennum fylgt eftir

<sup>2</sup> Sjá yfirlit um aðgerðir í kafla 2.6 í [sjálfsmatskýrslu skólans](#) fyrir skólaárið 2018 – 2019

<sup>3</sup> [Matsáætlun skólans 2019 - 2022](#)

þegar þeir voru á 19. ári, bæði meðal framhaldsskólanema og þeirra sem ekki voru í skóla. Kvennaskólinn tók þátt í þessari könnun vorið 2018 og fékk matshópurinn niðurstöðurnar til skoðunar haustið 2019.


Eitt meginmarkmið þessarar rannsóknar er að kanna hvaða þættir ráða mestu um námsval og námsgengi ungmenna. Sjónum er beint að því hvað einkennir skóla, skólakerfi og samfélög og stuðlar að áhuga nemenda, góðum námsárangri og námsframvindu í borgunum ellefu. Sjónum er beint að afstöðu nemenda til skólans, skuldbindingu þeirra, lykilhæfni og framtíðarsýn.

Þátttakendur í Kvennaskólanum í Reykjavík voru 159 nemendur á nítjándra ári, 41 strákur, 117 stelpur og einn sem merkti við annað.

Hér má sjá niðurstöður<sup>4</sup> fyrir Kvennaskólann samanborið við framhaldsskólana 13 á höfuborgarsvæðinu. Myndirnar hér að neðan sýna niðurstöður skólans í samanburði við hina þátttökuskólanna tólf. Auk þess er sýnt heildarmeðaltal allra skóla fyrir hvern þátt. Sá útreikningur byggist á vigtuðum gögnum þannig að meðaltal hvers skóla vegi jafn mikið þátt þátttakendur væru mismargir eftir skólum. Notuð var dreifigreining (Anova/F-próf) til að athuga hvort marktækur munur var á meðaltölum skóla. Miðað var við 95% vissu ( $p < 0,05$ ). Niðurstöður marktæktarprófa eru birtar fyrir neðan hverja mynd.

## Gildi náms


Viðhorf nemenda til gildis náms voru metin með eftirfarandi fjórum fullyrðingum: *Það sem við lærum í skólanum er nauðsynlegt til að ganga vel í framtíðinni, til að ná árangri á vinnumarkaði skipti máli að leggja mikið á sig í námi, í skólanum læri ég færni sem er mikils virði og námið veitir mér gagnlegan undirbúning fyrir það sem ég stefni á að gera í lífinu.* Svarmöguleikar voru fjórir og því hærri einkunn því meira mátu nemendur gildi námsins.



<sup>4</sup> Heildarniðurstöður rannsóknarinnar Borgarbörn má sjá á [heimasíðu skólans](#)


## Námsáhugi

Námsáhugi var metinn með eftirfarandi fjórum atriðum. Nemendur voru spurðir hve mikinn áhuga þeir höfðu á náminu auk þess sem þeir tóku afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga: *Mér finnst flest í náminu leiðinlegt, ég hef ánægju af því sem ég geri í kennslustundum og skóli er oft tímasóun.* Svarmöguleikarnir voru fjórir og því hærrí einkunn því meiri áhuga höfðu nemendur að jafnaði á náminu.




## Skólasókn

Skólasókn var metin með eftirfarandi þremur spurningum: *Hversu oft hefur þú gert eftirfarandi á þessu skólaári? Skrópað í kennslustund, verið fjarverandi heilan dag án leyfis og komið of seint í skólann.* Því hærrí einkunn því betri var skólasókn nemenda. Svarmöguleikarnir voru fimm (frá *aldrei að sjö sinnum eða oftar*). Því hærrí einkunn því betri var skólasókn nemenda.




## Samsömun og félagsleg tengsl

Samsömunin var metin með eftirfarandi fjórum atriðum: *Mér líkar vel í skólanum, ég mun útskrifast með góðar minningar úr þessum skóla, ég er örugg/ur í skólanum og hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með líf þitt í skólanum*. Svarmöguleikarnir voru fjórir og því hærri einkunn því meiri samsömun. Svarmöguleikarnir voru fjórir og því hærri einkunn því meiri samsömun.



## Námshegðun

Námshegðun var metin með eftirfarandi fjórum atriðum: *Ég legg mikið á mig í námi, ég reyni alltaf að gera mitt besta í náminu, ég held áfram með verkefni þar til því er lokið og ég skila verkefnum alltaf á réttum tíma*. Svarmöguleikarnir voru fjórir og því hærri einkunn því betri námshegðun.






## Félagsfærni


Félagsfærni var metin með eftirfarandi fjórum atriðum: *Ég er sanngjörn/gjarn við aðra, ég skil hvernig öðrum líður, mér semur vel við aðra og ég gef mér tíma til að hjálpa öðrum.*

Svarmöguleikarnir voru fjórir og því hærrí einkunn því meiri töldu nemendur félagsfærni sína.




## Tjáningarhæfni

Tjáning var metin með eftirfarandi fjórum atriðum: *Ég á auðvelt með að tjá mig í rituðu máli, ég er góður leiðtogi, ég á auðvelt með að tjá mig í orðum og ég á auðvelt með að koma hugmyndum mínum á framfæri við aðra.* Svarmöguleikarnir voru fjórir og því hærrí einkunn því auðveldara áttu nemendur með tjáningu að eigin mati.



## Framtíðarsýn

Framtíðarsýn var metin með eftirfarandi þremur atriðum: *Ég er viss um að ég fái góða vinnu að námi loknu, það er fátt sem getur komið í veg fyrir að ég nái markmiðum mínum og hversu ánægð/ur ert þú með framtíðina þína?* Svarmöguleikarnir voru fjórir og því hærrí einkunn því jákvæðari framtíðarsýn höfðu nemendur.



## 2.5 Könnun: Umsjónarkennarar í 1. bekk

Eitt af markmiðum<sup>5</sup> skólans er að efla og endurskoða umsjónarkennarakerfið með það að markmiðið að styrkja betur bekkjarandann. Ákveðið var að vinna áfram með verkefnið „Uppeldi til ábyrgðar“ og aðlaga það betur að þörfum skólans. Skólaárið 2018 – 2019 var ákveðið að setja inn auka kennslustund í stundatöflu hjá 1. bekk (umsjónartíma) sem umsjónarkennarar gátu notað að vild. Lögð var áhersla á að allir nemendur í 1. bekk færu í einstaklingsviðtöl hjá umsjónarkennara og lögð var áhersla á hópefli undir stjórn umsjónarkennara.

Á 1. ári eru 9 bekkir og þar með 9 umsjónarkennarar. Í maí 2020 var lögð fyrir alla umsjónarkennara á 1. ári könnun. Allir umsjónarkennararnir svöruðu könnuninni.

<sup>5</sup> [Stefnumiðuð áætlun til a.m.k þriggja ára sbr. 31 gr laga um opinber fjármál](#)

## Niðurstöður

\*Mér finnst mikilvægt að hafa aukatíma í stundatöflu hjá umsjónarbeknum mínum\*

1. Mjög sammála 89% (8/9)
2. Frekar sammála 11% (1/9)
3. Hvorki né 0% (0/9)
4. Frekar ósammála 0% (0/9)
5. Mjög ósammála 0% (0/9)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 9 af 9  
Svarhlutfall: 100%




\*Ég tel að öflugt umsjónarkennarakerfi geti bætt bekkjarandann\*

1. Mjög sammála 67% (6/9)
2. Frekar sammála 33% (3/9)
3. Hvorki né 0% (0/9)
4. Frekar ósammála 0% (0/9)
5. Mjög ósammála 0% (0/9)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 9 af 9  
Svarhlutfall: 100%




\*Ég vil að við höldum áfram að aðlaga verkefnið Uppeldi til ábyrgðar að þörfum skólans\*

1. Mjög sammála 22% (2/9)
2. Frekar sammála 33% (3/9)
3. Hvorki né 33% (3/9)
4. Frekar ósammála 11% (1/9)
5. Mjög ósammála 0% (0/9)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 9 af 9  
Svarhlutfall: 100%




\*Ég tel að verkefni/æfingar úr Uppeldi til ábyrgðar verkefninu vera góða aðferð til að efla bekkjarandann\*

1. Mjög sammála 22% (2/9)
2. Frekar sammála 44% (4/9)
3. Hvorki né 33% (3/9)
4. Frekar ósammála 0% (0/9)
5. Mjög ósammála 0% (0/9)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 9 af 9  
Svarhlutfall: 100%



Öllum umsjónarkennurum fannst mikilvægt að hafa aukatíma í stundatöflu hjá sínum umsjónarbekk og þeir töldu allir að öflugt umsjónarkennarakerfi gæti bætt bekkjarandann. Fimm umsjónarkennarar (55%) vildu halda áfram að aðlaga verkefnið „Uppeldi til ábyrgðar“ að þörfum skólans og sex (66%) töldu að verkefni/æfingar úr Uppeldi til ábyrgðar verkefninu vera góða aðferð til að efla bekkjarandann.

Til viðbótar gafst umsjónarkennurum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í tveimur opnum spurningum:

1. Nefndu það sem þér fannst ganga vel í umsjónarkennarastarfinu í vetur (hér er hægt að ræða samvinnu umsjónarkennara, umsjónartíma sem gekk vel hjá þér o.s.frv)
2. Nefndu það sem þér fannst betur mega fara varðandi verkefni og hlutverk umsjónarkennara í 1. bekk.

Það sem umsjónarkennurum fannst gott og hafa gengið vel var fyrst og fremst að fá þennan aukatíma í stundatöflu hjá sínum umsjónarbekk, fannst einstaklingsviðtölin ganga vel og það að gera bekkjarsáttmála með nemendum. Einnig nefndu umsjónarkennarar að það væri gott að geta nýtt aukatímamann fyrir samverustund með bekknum. Það sem þeim þótti betur mega fara var að þeir vildu hafa meira samráð við aðra umsjónarkennara og bentu á að það væri gott ef það væri a.m.k einn fundur á önn með umsjónarkennurum og stjórnendum. Þeir vildu fá skýrari upplýsingar um Uppeldi til ábyrgðar verkefnið og tímaramma fyrir verkefnið, fannst sumar æfingarnar/verkefnin úr Uppeldi til ábyrgðar of barnalegar fyrir hópinn og settu fram spurningu um hvort að við ættum að reyna að finna efni úr öðrum áttum.

Við munum halda áfram að þróa umsjónarkennarastarfið á næsta skólaári með það að markmiði að öflugt umsjónarkennarakerfi efli bekkjarandann.

## 2.6 Starfsmannakönnun: Húsping og starfsþróunardagur framhaldsskólanna

Eitt af markmiðum skólans er að auka samráð um endurmenntun starfsmanna. Hluti af endurmenntun fyrir starfsmenn skólans eru svokölluð Húsping í Kvennaskólanum. Húspingin eru alla jafna einu sinni á önn og fara þannig fram að fenginn er einn aðalfyrirlesari til að fræða starfsfólk skólans og svo eru skipulagðar nokkrar málstofur (30 – 40 mín hver). Hver starfsmaður mætir á tvær málstofu.

Á haustönn 2019 var ákveðið að í stað þess að halda húsping þá var skipulagt námskeið í skýjalausnum (O365) sem allir starfsmenn gátu skráð sig á. Námskeiðsdagarnir voru þrír og sá Sigurborg Gunnarsdóttir sérfræðingur hjá Sensa um kennsluna. Hér fyrir neðan má sjá dagsetningar og dagskrá námskeiðsins:

### Möguleikar Office 365 (13.09.2019)

- Hvað er Office 365 og hvaða tækifæri leynast í notkun lausnanna
- Yfirlit yfir lausnirnar í Office 365 - hvað gera þær og hvernig gætu þær nýst í starfi
- Skipulag og aðgengi að upplýsingum

### Hvernig vinn ég í Office 365 skýinu (27.09.2019)

- Hvernig finn ég þær upplýsingar sem mig vantar
- Vinnsla skjala í skýinu
  - o Vistun og umsýsla skjala
  - o Útgáfusaga skjala
  - o Samvinna við skjalavinnslu
  - o Flutningur skjala í skýið
- OneNote - stafræna minnisbókin
  - Helstu eiginleikar

### Samvinnulausnin Teams (4.10.2019)

- Hvernig vinn ég í Teams
- Spjallið, símtalið, skjölín og skipulagið

Húsping vorannar var haldið 18. febrúar, sjá dagskrá hér fyrir neðan:

Kl. 12:30 – 12:45 Hjalti Jón Sveinsson opnar þingið

Kl. 12:45 – 14:00 **“Af hverju þriggja anna kerfi í FG?”**  
Kristinn Þorsteinsson, skólameistari FG  
Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri í FG

Kl. 14:00 – 14:30 Kaffihlé

**Hver starfsmaður velur sér eina málstofu úr fyrri hluta og aðra úr seinni hluta**

#### Málstofur I: Kl. 14:30 – 15:10

Vendikennsla og youtube kynslóðin <b>M24</b> Geir Guðjónsson	Fyrirlestrarforritið Nearpod ( <a href="https://sniallkennsla.is/nearpod/">https://sniallkennsla.is/nearpod/</a> ) <b>M15</b> Hvernig við notum Nearpod í okkar kennslu  Linda Björk, Valgerður Stella og Karólína Helga	Hvað segja nemendur? <b>M23</b> Nemendur af öllum námsbrautum segja hvernig þeim finnst best að læra.  Ásdís Arnalds stýrir málstofunni
--	--	---

#### Málstofur II: Kl. 15:20 – 16:00

Playposit – vefurinn <b>M17</b> Grétar Skúlason segir frá því hvernig unnið er með Playposit vefinn í ensku-áföngum	Hinseginleikinn 101 <b>M16</b> Tóttla Sæmundsdóttir fræðslustýra Samtakanna '78 veitir fræðslu til starfsmanna um helstu hugtök er tengjast hinsegin heiminum (fjölbreytileiki kyns og kynverund) og hvernig best er að koma til móts við börn og ungmenni.	Hvað segja nemendur? <b>M23</b> Nemendur af öllum námsbrautum segja hvernig þeim finnst best að læra.  Þórdís Eyvör stýrir málstofunni
---	---	--

Starfsmenn Kvennaskólans tóku líka þátt í *Starfsþróunardegi framhaldsskóla* sem haldinn var 6. mars. Þetta var í fyrsta skipti sem boðað var til sameiginlegs starfsþróunardags í framhaldsskólum. Alls tóku 14 framhaldsskólar þátt í deginum og tóku íslenskukennarar í skólans að sér að skipuleggja fræðsludagskrá fyrir íslenskukennara.

Könnun var lögð fyrir starfsmenn í Innu í apríl 2020. Markmiðið var að leggja mat á hvernig til tókst og fá ábendingar sem hægt væri að styðjast við þegar húsþing og/eða önnur endurmenntunarnámskeið verða skipulögð. Svarhlutfallið í þessari könnun var 60%.


#### Niðurstöður:

Hvernig fannst þér kynning Kristins og Guðmundar á 3ja anna kerfinu á húsþinginu?

1. Mjög góð	26%	(9/35)
2. Góð	57%	(20/35)
3. Hvorki né	11%	(4/35)
4. Sæmileg	3%	(1/35)
5. Léleg	0%	(0/35)
6. Ég mætti ekki á fyrirlesturinn	3%	(1/35)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 35 af 35  
Svarhlutfall: 100%




Hvernig fannst þér málstofurnar sem þú mættir á?

1. Mjög góðar	34%	(12/35)
2. Góðar	60%	(21/35)
3. Hvorki né	0%	(0/35)
4. Sæmilegar	0%	(0/35)
5. Lélegar	0%	(0/35)
6. Ég mætti ekki	6%	(2/35)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 35 af 35  
Svarhlutfall: 100%



Eins og sést á þessum niðurstöðum að þá taldi mikill meirihluti kynninguna á 3ja anna kerfinu í FG og málstofurnar sem boðið var uppá góðar.

Til viðbótar gafst starfsmönnum tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri í þremur opnum spurningum:

- *Hvað fannst þér gott við húsþingið? (hér er hægt að ræða viðfangsefni, skipulag, tímasetningar og fleira)*
- *Hvað finnst þér að við þurfum að bæta varðandi húsþingin?*
- *Hvaða fyrirlestra og/eða málstofur myndir þú vilja fá á næsta húsþing?*


Í svörum við opnum spurningum kom eftirfarandi fram: Starfsmenn voru almennt mjög ánægðir með viðfangsefni húsþingsins og skipulagið, nefndu sérstaklega að skipulag og tímarammi (fyrirlestur og málstofur) væri betri núna en áður. Sögðu dagskránnar fjölbreytta, þetta hafi verið hagnýtt og gagnlegt. Fannst gaman að heyra hvað samstarfsfólkið væri að gera og mjög áhugavert og gagnlegt að heyra hvað nemendum fannst einkenna góða kennslu og góðan kennara. Sögðu að húsþingin væru mikilvægur vettvangur til að hittast og tala saman um fagleg málefni. Það sem þau sögðu að mætti bæta væri að hafa betri lýsingu á innihaldi erindanna þegar dagskráin væri send út, hafa skarpari fundastjórn og að það væri stundum erfitt að velja á milli málstofa því efnið væri áhugavert og töldu gott ef hægt væri að hafa upptökur og/eða efni frá málstofum aðgengilegt eftir að húsþinginu lýkur. Á næsta húsþingi vildu starfsmenn fá fræðslu um fjarkennslu, kynningu á því sem kennslukerfið í Innu býður uppá. Fræðslu um fjölbreytta kennsluhætti, rafrænt námsefni og námsmatmöguleika. Mannréttindafræðslu og umhverfis- og sjálfbærni fræðslu sem lykilstoð í framhaldsskólanámi.

Í könnuninni voru einnig nokkrar spurningar um fyrirlestra, málstofur og framkvæmd starfsþróunardagsins þann 6. mars.

Hvernig fannst þér sameiginlegu innslögin (fyrirlestrarir) sem voru spilaðir í byrjun starfsþróunardagsins þann 6. mars?

1. Mjög góð	40%	(14/35)
2. Góð	37%	(13/35)
3. Hvorki né	6%	(2/35)
4. Sæmileg	9%	(3/35)
5. Léleg	0%	(0/35)
6. Ég tók ekki þátt í starfsþróunardeginum	9%	(3/35)


Tölulegar upplýsingar  
Fj. svara: 35 af 35  
Svarhlutfall: 100%



Hvernig fannst þér framkvæmd starfsþróunardagsins? (hér er átt við framkvæmd skólanna sem tóku á móti faggreinahópum)

1. Mjög góð	43%	(15/35)
2. Góð	43%	(15/35)
3. Hvorki né	6%	(2/35)
4. Sæmileg	0%	(0/35)
5. Léleg	0%	(0/35)
6. Ég tók ekki þátt í starfsþróunardeginum	9%	(3/35)


Tölulegar upplýsingar  
Fj. svara: 35 af 35  
Svarhlutfall: 100%



Hvernig fannst þér málstofurnar sem þú mættir á? (starfsþróunardagur 6. mars 2020)

1. Mjög góðar	26%	(9/34)
2. Góðar	47%	(16/34)
3. Hvorki né	12%	(4/34)
4. Sæmilegar	6%	(2/34)
5. Lélegar	0%	(0/34)
6. Ég tók ekki þátt í starfsþróunardeginum	9%	(3/34)

Tölulegar upplýsingar  
Fj. svara: 34 af 35  
Svarhlutfall: 97%



Starfsmenn sem tóku þátt í starfsþróunardeginum voru almennt ánægðir með framkvæmdina en í svörum við opinni spurningu þá kom fram að þeim fannst skipulagið óljóst, að kennarar í nokkrum skólum hafi fengið skipulag og undirbúning „í fangið“. Hugmyndin væri góð en undirbúningur ekki nægilega góður. Þeir vildu leggja meiri áherslu á þverfaglega nálgun og samstarf og eyða styttri tíma í kynningu á skólahúsnæði þegar þeir mættu í viðtökuskólann.

## 2.7 Móttaka nýrra kennara

Eitt af markmiðum fyrir skólaárið var að bæta móttöku nýrra kennara. Á haustönn 2019 fengu allir nýir kennarar leiðsagnarkennara (aðstoð við nýliða í starfi) óháð því hvort viðkomandi kennari hafi verið í kennslu í öðrum skóla. Í lok haustannar var lögð fyrir nýja kennara nafnlaus könnun með eftirfarandi spurningum:

- *Hvernig var tekið á móti þér þegar þú hófst störf við Kvennaskólann?*
- *„Ég er ánægð(ur) með hvernig ég var sett(ur) inn í núverandi starf“*
- *Á önninni áttu allir nýir kennarar að vera tengdir við reyndari kennara ("aðstoð við nýliða í starfi"). Hvernig fannst þér það fyrirkomulag ganga?*
- *Nefndu það sem þér fannst vel gert og gott í móttöku nýrra starfsmanna í skólanum og þú vilt sjá þróast áfram í svipaða átt?*
- *Hvað finnst þér betur mega fara varðandi móttöku nýrra starfsmanna og hvernig myndir þú vilja breyta því til hins betra?*

## Niðurstöður

Öllum (5 nýir kennarar á haustönn) fannst mjög vel tekið á móti sér þegar þeir hófu störf og voru ánægðir með hvernig þeir voru settir inn í nýja starfið. Þeim fannst aðstoð reyndra kennara við nýliða í starfi góð og sögðu samstarfið hafa gengið vel, sérstaklega ef leiðsagnarkennarinn var að kenna sama fag og þeir. Þeim fannst fundirnir með stjórnendum annars vegar og fulltrúum kennarafélagsins hins vegar gagnlegir og góðir. Töldu andrúmsloft og samskipti innan skólans góð og upplýsingaflæðið nokkuð gott. Bentu þó á að það væri gott ef það væri til gátlisti fyrir praktíska hluti eins og t.d. hvaða hlutverk kennari hefur á prófdegi.


## 2.8 Stofnun ársins

Könnunin Stofnun ársins hefur verið notuð í þágu innra mats skólans sem starfsmannakönnun og verður svo áfram. Könnunin tekur til allra starfsmanna ríkisstofnana, óháð stéttarfélagsaðild og sér Gallup á Íslandi um gagnasöfnun og úrvinnslu. Í könnuninni er spurt um stjórnun skólans, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunarinnar, ánægju, stolt og jafnrétti. Allt eru þetta gagnlegar upplýsingar og mikilvægur hluti af mati á skólanum. Eitt af markmiðum ársins var að stuðla að aukinni þátttöku starfsmanna í könnuninni. Starfsmenn voru reglulega hvattir til að taka þátt í könnuninni. Þessar áminningar skiluðu þeim árangri að svarhlutfallið hækkaði úr 46% vorönn 2018 í 70% á vorönn 2019 og var 69% á vorönn 2020.

Heildareinkunn skólans árin 2018, 2019 og 2020:

	2018	2019	2020
<b>Heildarmat</b>	4,08	4,11	4,20

## Helstu niðurstöður: Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs



Tölur í sviga sýna mun á meðaltali stofnunar nú frá meðaltali mælingar síðasta árs.

Þau fimm atriði sem komu **best** út hjá skólanum í könnuninni vorið 2020 eru:

1. Þegar á heildina er litið er stofnunin sem ég starfa hjá talin vera mjög traust 4,73 (+0,47)
2. Ég er stolt(ur) af stofnuninni sem ég starfa hjá 4,66 (+0,25)
3. Á mínum vinnustað eru bæði konur og karlar í ábyrgðarstöðum 4,65 (+0,14)
4. Þegar stofnunina, sem ég starfa hjá, ber á góma er sú umræða yfirleitt jákvæð 4,65 (+0,59)
5. Á mínum vinnustað er skýr stefna um jafnrétti 4,65 (+0,09)

Þau fimm atriði sem fengu **lakasta útkomu** hjá skólanum má sjá hér fyrir neðan. Athuga að tölur í sviga sýna mun á meðaltali stofnunar og meðaltali stofnana í sama stofnanaflokki.

1. Ég á auðvelt með að taka sumarfrí/önnur frí á þeim tíma sem mér hentar 2,39 (-0,94)
2. Telur þú vinnuveitanda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum 3,07 (-0,15)
3. Ánægja með hljóðvist 3,14 (-0,61)
4. Ánægja með launakjör 3,25 (-0,10)
5. Á mínum vinnustað starfar fjölbreyttur hópur einstaklinga (t.d. hvað varðar aldur, kyn, uppruna, kynheigð eða trúar- eða lífsskoðun) 3,48 (-0,65)

Niðurstöðurnar benda til þess að starfsmenn séu stoltir af skólanum þ.e. telja skólann njóta trausts og að almenn umræða um skólann sé jákvæð og að í skólanum sé skýr stefna um jafnréttismál. Athygli vekur að starfsmenn Kvennaskólans telja það erfiðara hjá okkur að fara í sumarfrí/önnur frí en starfsmenn í öðrum skólum og að launakjör séu lakari þrátt fyrir að allir skólar starfi samkvæmt sömu kjarasamningum varðandi starfstíma skóla. Þetta þarf að ræða sérstaklega á fundi með stjórn kennarafélags skólans og taka upp í samstarfsnefnd skólans. Einnig hafa starfsmenn áhyggjur af hljóðvistinni í skólans og segja starfsmannahópinn



heldur einsleitun (kyn, uppruni, trúarbrögð o.fl). Í samvinnu við Ríkiseignir er verið að vinna að lagfæringum á loftgæðum og hljóðvist og mun sú vinna halda áfram á næsta skólaári. Fjöldi starfsmanna hefur komið fram með þá ábendingu að sumar spurningar í rannsókninni eigi ekki nægilega vel við skipulag skólans og þá sérstaklega þegar verið er að spyrja um „næsta yfirmann“.

### 3 Greining á niðurstöðum

#### 3.1 Styrkleikar

- Raunmæting nemenda er góð og brotthvarf er lítið.
- Nemendur eru almennt ánægðir með kennara sína og telja þá jákvæða og hvetjandi í garð nemenda
- Meirihluti nemenda telur námið mikils virði og góðan undirbúning fyrir framtíðina
- Nemendur eru almennt ánægðir með lífið í skólanum og flestum finnst þeir tilheyra tilteknum hópi í skólanum
- Nemendum gekk almennt vel að aðlagast fjarnáminu á vorönn og fannst skipulag kennslunnar gott
- Nýnemar og forráðamenn eru ánægðir með móttöku nýnema, upplýsingagjöf frá skólanum og val sitt á skóla og segjast vera ánægðir með skólann.
- Þátttaka í Stofnun ársins hefur haldist á milli ára og starfsmenn eru almennt ánægðir og stoltir af skólanum og starfi sínu þar.
- Starfsmenn eru ánægðir með endurmenntun sem skólinn býður uppá og finnst gott og gagnlegt að tekinn sé frá tími til að ræða fagleg málefni innan starfsmannahópsins.

#### 3.2 Tækifæri til umbóta

- Efla fræðslu um mikilvægi svefns og skoða betur líðan nemenda eftir kyni
- Skipuleggja betur umsjónarkennarastarfið sérstaklega í 1. bekk
- Fylgja betur eftir niðurstöðum úr könnunum (Skólapúlsinn og Borgarbörn) með nemendakönnun
- Fylgja eftir niðurstöðum úr könnuninni Stofnun ársins með starfsmannakönnun.
- Uppfæra heimasíðu skólans og þar með fara yfir og/eða uppfæra allar stefnur og áætlanir skólans
- Halda áfram að þróa innra mat á skólanum þannig að allir hagsmunahópar komi betur að matinu.

### 4 Markmið og úrbætur

#### 4.1 Eldri markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2019 - 2020

<b>Markmið</b>	<b>Úrbætur</b>
<i>Innra mat/sjálfsmat</i>	Áfram var unnið að bættu vinnulagi í innra mati skólans þannig að innra matið byggi á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Fundað var með fulltrúum foreldra og nemenda varðandi þátttöku í sjálfsmatsteyminu. Komst ekki í gang vegna samkomubanns. Rýnt var í matsskýrslur fyrri ára (innra og ytra mat) og farið yfir hvað væri komið til framkvæmda og hvað væri eftir.
<i>Viðhorfs- og þjónustukannanir</i>	Kannanir: <ul style="list-style-type: none"> <li>- Umsjónarkennarar í 1. bekk</li> <li>- Nýnemar og forráðamenn</li> <li>- Skólahald í samkomubanni (allir nemendur)</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Þátttaka í stofnun ársins (69% svarhlutfall)</li> <li>- Starfsmannakönnun: Mat á skipulagðri endurmenntun</li> </ul>
<i>Jafnlaunavottun</i>	Lokaúttekt fer fram á haustönn 2020
<i>Endurbætur á húsnæði og húsbúnaði</i>	Efna- og eðlisfræðistofan kláruð. Ný salerni í aðalbyggingu skólans (N-bygging). Rafmagnsborð sett í vinnuherbergi starfsmanna. Ný húsgögn í kennslustofur.
<i>Styðja við stefnu skólans um Uppeldi til ábyrgðar og vinna að því að aðlagja hana betur að starfi skólans.</i>	Vinna í gangi. Heldur áfram á skólaárinu 2020 - 2021
<i>Vinna áfram að lagfæringum á loftgæðum og hljóðvist í samvinnu við Ríkiseignir.</i>	Vinna í gangi. Heldur áfram á skólaárinu 2020-2021
<i>Vinna í persónuverndarmálum: Búa til persónuverndarstefnu skólans og ráða persónuverndarfulltrúa</i>	Lokið – sjá á <a href="#">heimasíðu</a> skólans
<i>Hugvísindabraut</i>	Lítil aðsókn nýnema á hugvísindabraut (innritun í júní 2020). Ekki hugvísindabekkur á 1. ári á næsta skólaári.
<i>Vinna með niðurstöður rýnihópa kennara</i>	Lokið
<i>Efla þjónustu við nemendur af erlendum uppruna</i>	Boðið uppá stöðupróf í pólsku á haustönn 2019. <a href="#">Móttökuáætlun</a> endurskoðuð og uppfærð.
<i>Móttaka nýrra starfsmanna</i>	Handbók starfsmanna uppfærð. Allir nýir kennarar fengu leiðsagnarkennara á haustönn 2019. Könnun lögð fyrir nýja kennara.
<i>Taka þátt í Skólapúlsinum og greina niðurstöður m.t.t vinnu sem farið var í á skólaárinu 2018-2019</i>	Ákveðið að halda áfram þátttöku og fylgja niðurstöðum betur eftir með nemendakönnun (allir nemendur).
<i>Auka samvinu stjórnenda og starfsmanna</i>	Fagstjórafundur einu sinni á önn og fundað með stjórn kennarafélagsins á skólaárinu.

<i>Kennslu- og áfangamat</i>	Spurningar í kennslu- og áfangamati endurskoðað. Verður lagt fyrir kennarafund á haustönn 2020.
<i>Ytra mat – aðgerðaáætlun</i>	Farið yfir aðgerðaáætlun og verkefni sett inn í matsáætlun og 3ja ára áætlun skólans.
<i>Skjalastjórnun</i>	Ráðinn skjalastjóri og byrjað að vista gögn í GoPro skjalastjórnunarkerfið
<i>Framtíðarsýn og markmið</i>	Stefnumiðuð áætlun 2020 – 2022 sbr. 31. gr laga um opinber fjármál, sjá <a href="#">hér</a>
<i>Heimasíða</i>	Tölvukerfi skólans varð fyrir vírusárás í lok febrúar og þar með varð heimasíðan með öllu óvirk. Skipt var um þjónustuaðila og sett upp tímabundin heimasíða. Áætlað er að ný heimasíða fari í loftið haustið 2020.
<i>Skólasálfræðingur</i>	Nú 40% starfshlutfall. Er í skólanum 2 daga í viku.
<i>Endurmenntun starfsfólks</i>	Námskeið í skýjalausnum (O365) með áherslu á Teams haldið í skólanum á haustönn 2019. Húsping haldið á vorönn og starfsmenn tóku þátt í starfsþróunardegi framhaldsskólanna.

#### 4.2 Markmið og úrbætur sem stefnt skal að á skólaárinu 2020 - 2021

	<b>Markmið</b>	<b>Úrbætur</b>
<i>Innra mat/sjálfsmat</i>		Fá fulltrúa foreldra, nemenda og annarra starfsmanna inn í sjálfsmatshópinn. Þessi vinna var komin í gang á vorönn 2020 en ekki tókst að klára vegna samkomubanns.
<i>Viðhorfs- og þjónustukannanir</i>		Könnun fyrir nýnema og forráðamenn þeirra (móttökur, þjónustan í skólanum, upplýsingjagjöf, ánægja og líðan í skólanum) – haust 2020  Viðhorfskönnun (allir nemendur). Spurt um líðan, svefn, samsömun og félagsleg tengsl og bekkjarandann – haust 2020
<i>Að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms</i>		Könnun lögð fyrir útskrifaða nemendur (útskrifaðir 2017)  Könnun fyrir nemendur á 2. og 3. ári: Námsframboð í kjarna og vali + þjónustan í skólanum – mars 2021
<i>Jafnlaunavottun</i>		Lokaúttekt fer fram haustið 2020
<i>Auka samráð um þarfir í endurmenntun</i>		Leggja fyrir starfsmannakönnun Ræða á fundum stjórnenda og fagstjóra

<i>Vinna áfram að endurbótum á húsbúnaði</i>	Endurnýja búnað í kennslustofum, borð og stólar ásamt miðlunartækjum Endurnýja húsbúnað á aðalskrifstofu skólans (í tengslum við viðhaldsvinnu Ríkiseigna) Endurnýja húsbúnað á kaffistofu starfsmanna í U (Þingholtsstræti)
<i>Vinna áfram að lagfæringum á loftgæðum og hljóðvist í samvinnu við Ríkiseignir:</i>	Vinna í gangi
<i>Efla umsjónarkennarakerfið til að styrkja betur bekkjarandann</i>	Aðlaga verkefnið Uppeldi til ábyrgðar að þörfum skólans. Samræma og skipuleggja verkefni sem umsjónarkennarar í 1. bekk leggja fyrir sína bekki. Skipuleggja fundi/samráð umsjónarkennara í 1. bekk
<i>Kennslu- og áfangamat</i>	Leggja tillögu að nýju kennslu- og áfangamati fyrir kennara (haust 2020). Byrja að nota nýtt kennslu- og áfangamat á vorönn 2021.
<i>Heimasíða</i>	Yfirfara og setja inn gögn á heimasíðu skólans.
<i>Skólasálfræðingur</i>	Skipuleggja og auka samstarf skólasálfræðings og náms- og starfsráðgjafa.

Reykjavík, 24. september 2020

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari  
Björk Þorgeirsdóttir, verkefnastjóri sjálfsmats